



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 82. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands fimmtudaginn 26. mars 2009 kl. 15:00, í húsakynnum ÍSOR.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Einnig sátu fundinn Eldur Ólafsson og Davíð Stefánsson (sat lið 2) frá GGE.

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda

Fyrirliggjandi drög að fundargerðum 80. og 81. funda samþykkt, með einni breytingu við þá síðarnefndu.

2. Umsókn um WGC 2015

Rætt um stöðu umsóknarinnar. Skoðuð drög Árna Ragnarssonar að texta í kaflann um Ísland sem jarðhitaland. Nokkur atriði ákveðin þar, sem GAS uppfærir. ÖGF semur texta vegna spurningar 26 og RK uppfærir texta um skoðunarferðir. Þau þrjú koma þessum atriðum svo til Davíðs Stefánssonar, sem gengur frá drögum að endanlegu skjali sem aftur verður rætt á fundi mánudaginn 30. mars kl. 15. Ákveðið að ÁM muni svo fylgja umsókninni úr hlaði á fundi stjórnar IGA í maí nk.

3. Aðalfundur JHFÍ 2009: Dagskrá og stjórnarkjör

GAS, JM og RK voru kjörin til stjórnarsetu á aðalfundi 2007, til tveggja ára. Þau gefa öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og á aðalfundi verður gerð tillaga um endurkjör þeirra. Aðalfundurinn verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl, kl. 13:00, í Orkugarði. Gerð var tillaga um að fá Guðna A. Jóhannesson orkumálastjóra til að stýra fundinum, en GAS verður ritari fundarins. ÁM gerir drög að skýrslu stjórnar, JM ræðir við Benedikt og Gunnar Inga um áframhaldandi störf sem skoðunarmenn reikninga, auk þess sem gera þarf tillögu um skoðunarmann til vara. Gerð verður tillaga um óbreytt félagsgjöld, þ.e. kr. 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir, kr. 2.500 fyrir einstaklinga og kr. 500 fyrir eftirlaunabega. Kl. 14:00 tekur svo við opinn fundur, vorkundur JHFÍ. Bjarni Pálsson hafði gert tillögu um tvö umræðuefni og voru þau bæði samþykkt:

1. Rannsóknarverkefnið Öndvegissetur í háhitaborholutækni
2. Rannsóknarverkefnið „Georg“

Ákveðið að leita til Ingólfs Þorbjörnssonar með fyrra erindið (BP talar við) og til Sigurðar Magnúsar Garðarssonar með hið síðara (ÖGF talar við).

4. Fjármál og innheimta félagsgjalda

JM kynnti drög að ársreikningi og fjárhagsáætlun. Ræst hefur úr innheimtu þótt ljóst sé að einhverjir skráðir félagsmenn séu ekki að greiða félagsgjöld, en skv. samþykktum félagsins (8. gr.) ber að strika út úr félagsskrá þá sem ekki hafi greitt gjöldin í 3 ár. Tekjur umfram gjöld árið 2008 kr. 367.425. Gert ráð fyrir 333.000 kr. tekjuafgangi árið 2009.

5. Vefur JHFÍ

AA hefur fengið starfsmann sem sér um vef Mannvits í lið með sér að ganga frá því sem útaf stendur á nýjum vef. Stefnt að formlegri opnun vefsvæðisins á aðalfundi 21. apríl.

6. Önnur mál Engin önnur mál.

Næsti fundur mánudaginn 30. mars, kl. 15:00, hjá ÍSOR, þar sem farin verður lokayfirferð yfir WGC umsóknina.

Fundi slitið kl. 16:30. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
